



Alþingi
Erindi nr. P 138/449
komudagur 4.12.2009

Alþingi
Nefndasvið Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 4. desember 2009
Tilvísun: 200911-0040

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum, 198. mál

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lyfjalögum nr.93/1994, með síðari breytingum, 198.mál.

Í athugasemdum við frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, þingskjali 738 – 464. mál á 135. löggjafarþingi, segir:

„Afslættir lyfjabúða eins og þeir birtast sjúklingum í dag mismuna þeim eftir búsetu, enda eru þeir flóknir og ógagnsæir og hvetja ekki til notkunar ódýrra lyfja. Afslættir leiða oft til ávísunar og afgreiðslu stærri skammta eða dýrari lyfja en þörf er á. Upplýsingar um afslætti hafa ekki verið aðgengilegar og í raun hafa afslættir í sumum tilfellum komið í veg fyrir samkeppni jafnt á heilðsölu- sem smásölustigi. Að auki virka afslættir sem inngönguhindrun fyrir nýja aðila og auka enn frekar á fákeppni á þessum markaði sem gerir hann óskilvirkari. Til að koma í veg fyrir mismunun er því lagt til að sama verð gildi um land allt. Þetta felur í sér jafnræði og skilvirkni sem er mikilvæg í verslun með lyf eins og í annarri heilbrigðisþjónustu. Til að auka gagnsæi lyfjaverðlagningar og tryggja réttláta samkeppni er lagt til að fyrirtæki sem vilja gefa afslætti, hvort sem er á heilðsölu- eða smásölustigi, geri það með því að tilkynna lækkun á verði til lyfjagreiðslunefndar. Lyfjaheilðsölum, lyfjaframleiðendum, umboðsmönnum þeirra eða smásöluaðilum er gert auðveldara að keppa í verði í lyfjaverðskrá með einfaldri tilkynningu til lyfjagreiðslunefndar. Með smásöluaðila er átt við lyfjabúð(ir), sem rekin er undir einni og sömu kennitölu. Ákvæðið kemur ekki í veg fyrir afslætti á verði vegna útboða á lyfjum fyrir heilbrigðisstofnanir.“

Þessar athugasemdir við frumvarpið lýsa með ágætum hætti röksemdunum fyrir þeirri breytingu sem gerð var á 42. gr. lyfjalaga með lögum nr.97/2008. Alþýðusambandið er sammála þeim rökum sem fram koma í framangreindum athugasemdum og lýsir andstöðu við fyrirhugaða breytingu sem kveður á um að ákvæði varðandi smásöluaðila á lyfjamarkaði verði fellt á brott úr 42. gr. laganna.



Alþýðusambandið gerir að auki eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Lyfsölum sem starfrækja lyfjabúðir innan sömu keðju verður skv. frumvarpinu áfram heimilt að selja lyf á mismunandi verði milli sölustaða, með því að veita mis háa afslætti af hámarksverði í lyfjaverðskrá. Þannig er t.a.m. mögulegt að selja lyf á hærra verði á stöðum þar sem lítil eða enginn samkeppni er nærri en lækka verð á þeim útsölustöðum þar sem samkeppni er fyrir hendi. Á fákeppnismarkaði, eins og smásölumarkaður með lyf er héraendis, getur þetta skapað aðgangshindranir fyrir nýja aðila og dregið úr samkeppni.

Lyf er ólík öðrum neytendavörum þar sem þau eru í reynd mikilvægur hluti af heilbrigðiskerfinu. Það er réttlætismál að jafnræðis sé gætt í verðlagningu á þessari heilbrigðisþjónustu eins og annarri, gagnvart öllum neytendum, hvar sem er á landinu.

Núverandi afsláttarkerfi lyfsala á smásölumarkaði er flókið og ógangsætt og í reynd er ógerningur fyrir almenna neytendur að afla sér upplýsinga um endanlegt smásöluverð lyfja hjá einstaka söluaðilum nema með miklum tilkostnaði og fyrirhöfn. Birting á endanlegu smásöluvergi einstakra lyfsala í lyfjaverðskrá, eins og til stóð, væri mikilvægt upplýsinga- og eftirlitstæki fyrir almenning og stjórnvöld. Með notendavænu viðmóti hefðu neytendur einstakt tækifæri til þess að afla sér upplýsinga um söluverð lyfja hjá smásöluaðilum sem skapa mundi nauðsynlegt aðhald á þessum viðkvæma markaði.

F.h. Alþýðusambands Íslands

Henný Hinz
hagfræðingur



– fyrir íslenska verslun

Alþingi
Erindi nr. P 138/305
komudagur 26.11.2009

Nefndasvið Alþingis
Heilbrigðisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. nóvember 2009

Efni: Umsögn FÍS um frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum, 198. mál. (Lagt fyrir á Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009-2010.)

I. Almennt

Vísað er til erindis háttvirtrar heilbrigðisnefndar Alþingis dagsett 24. nóvember 2009 þar sem óskað er umsagnar FÍS um frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

FÍS gerir engar athugasemdir við frumvarpið en þakkar fyrir að til þess hafi verið leitað.

II. Annað

Að lokum áskilur FÍS sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllt,

Harpa Samúelsdóttir lögfræðingur
f.h. Páls Rúnars M. Kristjánssonar hdl.



– fyrir íslenska verslun

Alþingi
Erindi nr. P 138/448
komudagur 4.12.2009



Alþingi
Heilbrigðisnefnd
b/t Þuríðar Backman, formanns.
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2009.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyt. á lyfjalögum, 198. mál.

Frumtök, samtök framleiðenda frumlyfja, hafa tekið til athugunar það frumvarp sem hér er til umsagnar og gera engar efnislegar athugasemdir.

F.h. Frumtaka, samtaka framleiðenda frumlyfja,

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Jakob Falur Garðarsson".

Jakob Falur Garðarsson,
framkvæmdastjóri.

Alþingi
Erindi nr. P 138/399
komudagur 3.12.2009



Nefndasvið Alþingis
Heilbrigðisnefnd
Austurstræti 10-12
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994 (138. löggjafarþing – 198. mál)

Vísað er til umsagnarbeðnar heilbrigðisnefndar Alþingis, dags. 24. nóvember 2009, um frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum (198. mál), sbr. tölvubréf frá nefndasviði Alþingis.

Með frumvarpinu er lagt til að felldur verði brott sá hluti ákvæðis 3. másl. 42. gr. lyfjalaga er lýtur að afsláttum á smásölustigi lyfseðilsskyldra lyfja. Frumvarpið er stjórnarfrumvarp og fjallar um afnám, en þrívægis áður hafði Alþingi samþykkt að fresta þessum hluta 42. gr., sbr. frumvörp sem flutt voru af heilbrigðisnefnd Alþingis, þar sem talið var mikilvægt að afnám afslátta af lyfjum héldist í hendur við innleiðingu nýs greiðsluþátttökukerfis.

Við fyrstu umræðu málsins þann 17. nóvember sl. kom fram í máli Álfheiðar Ingadóttur heilbrigðisráðherra að markmið frumvarpsins væri að standa áfram vörð um hagsmuni og velferð sjúklinga á erfiðum tímum.

Nánar tiltekið felur tillagan í sér að smásöluaðilar, sem vilja selja lyfseðilsskyld lyf á lægra verði en hámarksverð segir til um, þurfa ekki að tilkynna lækkað verð til lyfjagreiðslunefndar og þurfa ekki að selja lyfið á sama verði á öllum sölustöðum sínum. Verði frumvarpið að lögum hefur það í för með sér að bann við veitingu afslátta á lyfjum í smásölu (bann við afsláttum yfir búðarborðið í apótekum) sem átti að taka gildi 1. janúar nk. kemur ekki til framkvæmda. Með hliðsjón af því styður Hjartaheill frumvarp þetta enda algengt að sjúklingasamtök á borð við Hjartaheill hafi samið við smásala um afsláttarkjör fyrir félagsmenn sína. Engu að síður ber að ítreka mikilvægi þess að farið verði heildstætt yfir kostnaðarþátttökukerfið. Hjartaheill batt miklar vonir við störf hinnar svokölluðu Pétursnefndar sem nú hefur verið lögð niður. Eins og fram kom í máli ráðherra við fyrstu umræðu var nefndinni falið í nóvember 2007 að kanna hvort og þá með hvaða hætti hægt væri að fella læknis-, lyfja-, rannsóknar-, sjúkraþjálfunar- og allan annan heilbrigðiskostnað undir eitt niðurgreiðslu/afsláttarfyrirkomulag. Ráðherra benti á að þegar hefði 18 millj. kr. verið varið í verkefnið og hún teldi nauðsynlegt að kannað yrði til hins ítrasta hvernig nýta mætti öll þau gögn og þá miklu vinnu sem nefndin og starfsmenn hennar hefðu lagt fram. Hjartaheill óskar eftir því að við aðra umræðu málsins verði kallað eftir frekari upplýsingum frá ráðherra um þetta, þ.e. hvernig og innan hvaða tímaramma skuli nýta vinnu Pétursnefndarinnar.

Við fyrstu umræðu voru einnig vangaveltur um hvort skynsamlegt væri að skipta heildarendurskoðun greiðsluþáttökukerfis í tvennt, þ.e. annars vegar varðandi lyfjakostnað og hins vegar varðandi læknskostnað. Hjartaheill telur óráðlegt að skilja þessa tvo þætti í sundur.


Ráðherra benti á að þegar hefði náðst árangur varðandi lækkun á lyfjakostnaði með ýmsum aðgerðum sem gripið hefði verið til. Frekari aðgerðir væru í gangi eða fyrirhugaðar sem lytu að því að lækka lyfjakostnað og auka öryggi í lyfjatilvísunum og notkun, t.d. væri í gangi áttak í lyfjainnkaupum og lyfjanotkun heilbrigðisstofnana. Einnig væri í gangi samstarf við Noreg sem fæli í sér að sjúkrahús eins og Landspítali háskólasjúkrahús gæti verið með í útboðum á dýrum lyfjum sem eru boðin út í Noregi. Þá væri verið að skoða greiðsluþáttökukerfi í dýrum lyfjaflokkum og stefnt að því að gera lyfjaverðskrána aðgengilega með ódýrustu valmöguleikum. Ráðherra nefndi rafræna lyfseðla og að sérstök framkvæmdanefnd væri að undirbúa lyfjastefnu til 2012. Á undanförunum árum hefði einnig verið unnið að drögum að nýjum heildarlyfjalögum sem ráðherra taldi brýnt að ljúka við.

Með hliðsjón af þessum atriðum er tveimur spurningum hér velt fram. Í fyrsta lagi hvort mögulegt sé að festa upplýsingar í rafræna lyfseðlakerfinu um lyfjapörf sjúklings, t.d. hjartasjúklings, sem ljóst þykir að þurfi á lyfjum að halda til frambúðar, þannig að sjúklingur þurfi ekki að leita til læknis í tíma og ótíma til að fá útgefna nýja lyfseðla. Slíkt gæti sparað óþarfa fyrirhöfn bæði fyrir sjúkling og lækni og minnkað pappírsvinnu. Í öðru lagi hvort mögulegt sé að fara í sparnaðaraðgerðir hvað varðar lyfjapakkingar enda ljóst að gríðarlegu magni af lyfjapakkingum (e.t.v. óumhverfisvænum) er hent árlega.

Að lokum vill Hjartaheill koma eftirfarandi athugasemd á framfæri:

Við fyrstu umræðu nefndi ráðherra nokkrum sinnum Hjartavernd sem dæmi um félagasamtök sem hefðu samið um afslætti við apótek. Getur verið að ráðherra hafi í misgáningi nefnt Hjartavernd sem sinnir aðallega rannsóknum í stað Hjartaheilla sem eru sjúklingasamtök?

Virðingarfyllst,
f.h. Hjartaheilla



Ásgeir Þór Arnason

framkvæmdastjóri Hjartaheilla



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ
Directorate of Health

Alþingi
Erindi nr. þ 138/304
komudagur 26.11.2009


Nefndasvið Alþingis
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 24. nóvember 2009
2008120212/91/MH/gh

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, 198. mál.

Vísað er í tölvubréf nefndasviðs Alþingis frá 24. nóvember 2009. Landlæknir hefur engar athugasemdir fram að færa við ofanskráða breytingu á lyfjalögum.

Virðingarfyllst,


Matthías Halldórsson
landlæknir

Nefndasvið Alþingis
b.t. Kristjönu Benediktsdóttur
Alþingi
150 Reykjavík

25.11.2009


Tilv. 40.11
ÓB/ei

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyt. á lyfjalögum, 198. mál

Við er til bréfs til Landspítala, dags. 24. nóvember sl. um ofangreint efni.

Undirritaður gerir ekki athugasemdir við frumvarp til laga um breyt. á lyfjalögum, 198. mál.

Virðingarfyllst,
f.h. forstjóra,


Ólafur Baldursson
framkvæmdastjóri lækninga



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 2. desember 2009.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum nr 93/1994 með síðari breytingum, Þskj. 222 – 198. mál.

Í frumvarpi til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum (lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.) er 10. grein svohljóðandi:

„10. gr.

Við 42. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Verð lyfseðilsskyldra lyfja skal vera það sama um land allt, en lyfjaheildsalar, lyfjaframleiðendur og umboðsmenn þeirra eða smásöluaðilar sem vilja selja lyf á lægra verði en hámarksverð segir til um skulu tilkynna lækkað verð til lyfjagreiðslunefndar sem birtir þau í næstu útgáfu lyfjaverðskrárinnar.“

Í frumvarpinu kom fram eftirfarandi athugasemd við 10. grein:

„Um 10. gr.

Afslættir lyfjabúða eins og þeir birtast sjúklingum í dag mismuna þeim eftir búsetu, enda eru þeir flóknir og ógagnsæir og hvetja ekki til notkunar ódýrra lyfja. Afslættir leiða oft til ávísunar og afgreiðslu stærri skammta eða dýrari lyfja en þörf er á. Upplýsingar um afslætti hafa ekki verið aðgengilegar og í raun hafa afslættir í sumum tilfellum komið í veg fyrir samkeppni jafnt á heildsölu- sem smásölustigi. Að auki virka afslættir sem inngönguhindrun fyrir nýja aðila og auka enn frekar á fákeppni á þessum markaði sem gerir hann óskilvirkari. Til að koma í veg fyrir mismunun er því lagt til að sama verð gildi um land allt. Þetta felur í sér jafnræði og skilvirkni sem er mikilvæg í verslun með lyf eins og í annarri heilbrigðisþjónustu. Til að auka gagnsæi lyfjaverðlagningar og tryggja réttláta samkeppni er lagt til að fyrirtæki sem vilja gefa afslætti, hvort sem er á heildsölu- eða smásölustigi, geri það með því að tilkynna lækkun á verði til lyfjagreiðslunefndar. Lyfjaheildsölum, lyfjaframleiðendum, umboðsmönnum þeirra eða smásöluaðilum er gert auðveldara að keppa í verði í lyfjaverðskrá með einfaldri tilkynningu til lyfjagreiðslunefndar. Með smásöluaðila er átt við lyfjabúð(ir), sem rekin er undir einni og sömu kennitölu. Ákvæðið kemur ekki í veg fyrir afslætti á verði vegna útboða á lyfjum fyrir heilbrigðisstofnanir.“ (Þskj. 738 — 464. mál.)

Samkvæmt röksemdarfæslu heilbrigðisráðherra hér að framan mun afnám afslátta meðal annars:

1. Auka jafnræði meðal íbúa í þéttbýli og strjálbýli þar sem lítil samkeppni ríkir.
2. Koma á gagnsæi í lyfjaverði til sjúklinga svo hægt er að fylgjast með lyfjaútgjöldum þeirra og bregðast við. Þetta gagnsæi er einmitt mjög mikilvægt til þess að geta rannsakað kostnað sjúklinga og þannig hannað nýtt greiðsluþátttökukerfi lyfja.
3. Leiða til jafnari samkeppnisgrundvallar apóteka landsins, þar sem stærri aðilar hafa haft meiri tök á að undirbjóða lyfjaverð með háum afsláttum ef nýr lítill aðili kom inn á sama markað.

LFÍ bendir á að með þessu frumvarpi er mismunun íbúa eftir búsetu viðhaldið, verð lyfseðilsskyldra lyfja verður áfram ógagnsætt og eftir sem áður er til staðar inngönguhindrun á smásölumarkað.

Nú er óljóst hvort og þá hvenær nýtt greiðsluþáttökukerfi verður að veruleika og yfirvöld telja að aukinn hluti sjúklings við lyfjakaup, sem er til kominn vegna breytinga á greiðsluþáttökukerfi Sjúkratrygginga Íslands á undanförunum mánuðum, geri það að verkum að leyfa verði áfram afslátt á smásölustigi.

LFÍ telur að leggja hefði átt áherslu á að fullvinna nýtt greiðsluþáttökukerfi og afnema afslætti eins og ætlunin var, það felur í sér jafnræði og skilvirkni sem er mikilvæg í verslun með lyf eins og í annarri heilbrigðisþjónustu. Ekki er veittur afsláttur á hluta sjúklings í komugjaldi til sérfræðinga, á hluta sjúklings í rannsóknum eða á hluta sjúklings í aðgerðum nema gegn gegnsæjum afláttareglum þar sem sjúklingar sem þurfa mikla þjónustu geta sótt um afsláttakort. Það sama ætti að gilda um lyfseðilsskyld lyf að mati LFÍ.

Virðingarfyllst,



Abalmelour Palmadóttir

Formaður Lyfjafraeðingafélags Íslands



Nefndarsvið Alþingis LYFJAGREIÐSLUNEFND
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 138/400
komudagur 3.12.2009

Reykjavík, 2. desember 2009

Málefni: umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lyfjalögum, 198 mál

Lyfjagreiðslunefnd vísar til erindis nefndarsviðs Alþingis, dags. 24. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar nefndarinnar um frumvarp til laga um breytingar á lyfjalögum, 198 mál.

Lyfjagreiðslunefnd gerir ekki athugasemdir við fyrrgreint frumvarp en telur skylt að benda á fjögur mikilvæg atriði.

Í fyrsta lagi með því að tryggja að sjúklingar geti áfram notið afsláttu af lyfjakaupum í smásölum er ekki gætt jafnræðis milli lyfja og annarra heilbrigðisþjónustu sem ríkið greiðir að hluta.

Við kaup á heilbrigðisþjónustu annarri en lyfja greiða sjúklingar sama verð óháð búsetu eða sjúkdómi. Þetta verð er ákvarðar af ríkinu og kemur fram í mismunandi gjaldskrá.

Vegna afsláttu á hlutdeild sjúklinga í lyfjainnkaupum greiða sjúklingar mismunandi verð eftir því hvar þeir búa á landinu og eftir því við hvaða sjúkdómi lyfið er (B-merkt, E-merkt, *-merkt eða 0-merkt).

Þessir afslættir á kaupum á lyfjum í smásölu eru ógagnsæir og einhliða ákvarðaðir af seljanda lyfjanna.

Í öðru lagi er smásöluálagning lyfseðilsskyldra lyfja ákvörðuð af Lyfjagreiðslunefnd og við þær ákvarðanir ber nefndinni að hafa hliðsjón af smásöluverði lyfja á Norðurlöndunum.

Fyrsta janúar s.l. breyttist smásöluálagning lyfja á þann veg að álagningarflokkarnir eru nú aðeins tveir en ekki fimm eins og áður. Einnig var prósentu hlutur álagningar lækkaður og föst krónutala hækkuð. Verið var að taka upp svipað fyrirkomulag og er í Danmörku og Noregi, þ.e. lág prósentuálagning og föst krónutala. Þetta var skerf í þá átt að smásöluverð lyfja verði sambærilegt og á Norðurlöndunum. Jafnframt var talið að með þessum breytingum endurspegli álagningin betur þá vinnu sem er við að afgreiða lyf. Ásamt því að verið er að draga úr áhrifum af sveiflum á gengi krónunnar á smásöluálagningu lyfja.

Áætlað er að heildarálagning apóteka vegna lyfseðilsskyldra lyfja hafi lækka um 180 milljónir króna á árinu vegna þessa. Rúmlega helmingur af lækkuninni kom sem lækkun á útgjöldum Sjúkratrygginga Íslands, en tæplega helmingur til lækkunar á útgjöldum sjúklinga vegna lyfja.

Frá og með 1. janúar n.k. mun föst krónutala smásöluálagningar hækka um 3,5 % Fulltrúar smásala höfðu óskað eftir hækkun upp á 5,5% á fasta krónutölu smásöluálagningar.

Áhrif hækkunar smásöluálagningar er talin vera um 98 milljónir sem falla að hluta til á Sjúkratryggingar Íslands, 44 milljónir og að hluta á sjúklinga, 54 milljónir.


Vakin er athygli á því að það er af þessari smásöluálagningu sem apótek veita afslátt við afgreiðslu lyfja í smásölu.

Í þriðja lagi að ef ákvæðið um *“að smásöluaðilum beri að selja lyf á sama verði á öllum sölustöðum sínum og skuli tilkynna það Lyfjagreiðslunefnd ef selja á lyfseðilskyld lyf á lægra verði”* verður ekki fellt niður mun það kalla á töluverðar breytingar á núverandi lyfjaverðskrá sem tekur tíma og hefur í för með sér kostnað. Þetta ákvæði er flókin útfærsla á því að selja lyfseðilskyld lyf á sama verði um allt land.

Að lokum hvetur Lyfjagreiðslunefnd til þess að farið verði í þá vinnu sem nauðsynleg er til að innleiða nýtt greiðsluþáttökukerfi fyrir lyf. Það greiðsluþáttökukerfi sem nú er við lýði er úr sér gengið. Ráð væri að taka upp kerfi sambærilegt við það sem er í Danmörku og Svíþjóð. Núverandi greiðsluþáttökukerfi lyfja mismunar sjúklingum eftir sjúkdómum, veitir ekki vernd þeim sjúklingum sem þurfa á lyfjum að halda að staðaldri og hvetur til sóunar.

Að öðru leyti gerir Lyfjagreiðslunefnd gerir ekki athugasemdir fyrrgreint frumvarp

F.h. Lyfjagreiðslunefndar,



Rúnna Hauksdóttir, formaður

Alþingi
Erindi nr. D 138/491
komudagur 7.12.2009



Nefndasvið Alþingis
Vt. Heilbrigðis- og trygginganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Lyfjastofnun

Icelandic Medicines Control Agency
Eiðistorg 13-15, 172 Seltjarnarnes
P.O. Box 180; Kennitala: 670900-2740
Tel: +(354)-520-2100, Fax: +(354)-561-2170
www.lyfjastofnun.is - lyfjastofnun@lyfjastofnun.is

Seltjarnarnes, 7. desember 2009
Tilvísun: 061-1 / Málsnr:2009110309

Lyfjastofnun vísar til erindis heilbrigðisnefndar Alþingis, dags. 24. nóvember sl., þar sem óskað er eftir að stofnunin veiti umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, 198. mál.

Lyfjastofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreint frumvarp.

Rannveig Gunnarsdóttir, forstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 138/397
komudagur 3.12.2009



Heilbrigðisnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
150 Reykjavík

Reykjavík 2. desember 2009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, mál 198.

Undirritaður fagnar þessu frumvarpi.

Lög sem leggja bann við verðsamkeppni á hluta sjúklings í lyfjakostnaði í smásölu eru óskiljanleg og koma verður í veg fyrir að þau taki gildi.

Undirritaður og fjölmargir aðrir aðilar, s.s. Samkeppnisstofnun hafa bent á það að slík lagasetning gangi gegn hagsmunum neytenda og almennings í landinu.

Um þetta þarf ekki að hafa fleiri orð en undirritaður mun góðfúslega veita nánari upplýsingar verði þess óskað.

Virðingarfyllst,


Aðalsteinn Steinþórsson
Framkvæmdastjóri Lyfjavers

Lyfjaver ehf
Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík

Sími 533 6100
Bréfsími 533 6102
www.lyfjaver.is
lyfjaver@lyfjaver.is

30.11.2009

Alþingi
Erindi nr. P 138/359
komudagur 1.12.2009

Heilbrigðisnefnd Alþingis

Lýðheilsustöð hefur fjallað um frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, 198. mál Lyfjalög, og gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

Kveðja,

Jóhann Þór Halldórsson
skrifstofustjóri
Sími: 5800 920 · GSM: 8400 902
<http://www.lydheilsustod.is>



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Alþingi
Erindi nr. P 138/396
komudagur 3.12.2009

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 8. desember 2009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum nr. 93/1994, 198. mál.

Læknafélag Íslands hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar en mun ekki gefa umsögn um það.

Virðingarfyllst,
f.h. Læknafélags Íslands

Birna Jónsdóttir
formaður

Alþingi
Erindi nr. P 138/921
komudagur 18.1.2010



Heilbrigðisnefnd Alþingis
b.t. Þuríðar Backmann, formanns,
c/o nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 14. janúar 2010.

Efni: Umfjöllun um frumvarp til breytinga á lyfjalögum


Það vakti athygli lyfsalahóps Samtaka verslunar og þjónustu að við umfjöllun heilbrigðisnefndar Alþingis um frumvarp til breytinga á lyfjalögum í desember sl., voru fulltrúar hópsins ekki kallaðir fyrir nefndina, þrátt fyrir að hafa skilað inn efnislegri umsögn um frumvarpið. Það skal tekið fram að samtökin geta ekki gert kröfu til þess að fulltrúar þeirra verði kallaðir fyrir þingnefndir í öllum þeim málum sem samtökin gera umsögn um. Hins vegar verður að líta svo á, að þegar hagsmunaaðilar gefa umsögn sambærilega þeirri sem send var um þetta tiltekna mál, sé akkur í því fyrir þingmenn að fá nánari skýringar á skoðunum aðila.

Raunin varð sú að umræðan sem fram fór um frumvarpið í þinginu sýndi ekki mikla þekkingu þingheims á málefnum lyfjamarkaðarins. Þetta endurspegladist í fullyrðingum á borð við að; verð á lyfjum breyttust frá degi til dags; annað og hærra verð væri úti á landi en á höfuðborgarsvæðinu; að eitt verð væri fyrir karla og annað fyrir konur. Þessi ummæli og ýmis önnur sem féllu við umræður um frumvarpið á þingi eru þess eðlis að þörf hefði verið á að upplýsa þingheim um raunverulega stöðu greinarinnar.

Einnig vakti athygli að rökin fyrir þeirri breytingu sem gerð var á frumvarpinu í meðförum þingsins nú eru ekki í samræmi við þá umræðu sem varð á þinginu þegar löggin voru upphaflega sett. Sú staðreynd gefur einnig til kynna að nokkuð skorti á þekkingu meðal þingmanna á málefnum lyfjageirans.

Lyfsalahópur Samtaka verslunar og þjónustu óskar eftir góðu samstarfi við heilbrigðisnefnd þingsins á komandi árum. Samtökin munu eftir sem áður leggja sig fram um að veita nefndinni greinagóðar upplýsingar um stöðu greinarinnar þegar tilefni gefst til.

Virðingarfyllst,
f.h. SVT



Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri.

Afrit: Heilbrigðisráðuneytið, b.t. Einar Magnússon, skrifstofustjóri.

Alþingi
Erindi nr. P 138/490
komudagur 7.12.2009



Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 7. desember 2009

Efni: Frumvarp til breytinga á lyfjalögum -198. mál – sjónarmið lyfsalahóps.


Lyfsalahópur Samtaka verslunar og þjónustu lýsir sig alfarið andvígán frumvarpinu og þeirri stefnumörkun sem í því felst. Gildistöku þess ákvæðis sem nú er lagt til að falli varanlega úr lögunum, hefur þrívægis verið frestað, en vegna fyrirhugaðra breytinga á endurgreiðslukerfi lyfja, var banni við afsláttum í apótekum ætlað að taka gildi samtímis gildistöku nýs endurgreiðslukerfis. Nú hefur sem kunnugt verið horfið frá upptöku nýs endurgreiðslukerfis og er lyfsalahópur samtakanna þeirrar skoðunar að greinin skuli öll falla úr gildi og afslættir verði aftur heimilaðir á báðum sölustigunum.

Sjónarmið lyfsalahópsins er það að ætli stjórnvöld á annað borð að hafa afskipti af því hvaða viðskiptakjör í formi afslátta gildi við sölu á lyfjum, verður sama regla að gilda á báðum sölustigunum, þ.e. í heildsölu og smásölu. Að einungis annað sölustig í lyfsölunni hafi heimild til að veita afslætti af hámarksverði á lyfjum, eins og það er hverju sinni ákveðið af Lyfjagreiðslunefnd, stríðir gegn sjónarmiðum um jafnræði og gagnsæi.

Svo sem kunnugt er býr lyfjamarkaðurinn einn fárra markaða við opinbera verðákvörðun en hámarksverð lyfseðilsskyldra lyfja, bæði á heildsölustigi og á smásölustigi, er ákveðið af opinberri nefnd. Af þessu leiðir að stjórnvöld bera aukna ábyrgð á því að jafnræði gildi í viðskiptum aðila á svo viðkvæmum markaði sem lyfsala er. Lagasetning sem heimilar afslætti á öðru sölustiginu en bannar hana á hinu, er að mati hópsins einungis til þess fallin að rugla markaðinn og mismuna fyrirtækjum eftir því á hvaða sölustigi þau starfa.

Lyfsalahópur Samtaka verslunar og þjónustu leggst því eindregið gegn þessu frumvarpi af þeim ástæðum sem hér hafa verið tilgreindar. Samtökin lýsa sig reiðubúin að mæta á fund heilbrigðisnefndar Alþingis til að gera nánar grein fyrir afstöðu sinni.

Virðingarfyllst,



Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri.

Alþingi
Erindi nr. P 138/387
komudagur 2. 12. 2009

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 1. desember 2009

RH/SLB/033/09

Efni: Frumvarp til breytinga á lyfjalögum, 198. mál.

Vísað er til bréfs, dags. 24. nóvember 2009 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint frumvarp.

Með frumvarpinu er verið að tryggja að einstaklingar geti áfram notið afsláttar af lyfjakaupum í smásölu.

Tryggingastofnun ríkisins hefur engar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,


Sigríður Lillý Baldursdóttir
forstjóri